

Til heilbrigðis og trygginganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P** 131/1171
komudagur S. 11/1171⁵

Reykjavík, 31. mars 2005

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á almannatryggingalögum, 587. mál um tannlæknakostnað aldraðra, öryrkja og barna.

Málið virðist ekki vera mjög flókið, þar sem einungis sýnist vera um litlar orðalagsbreytingar á tveim stuttum málsgreinum að ræða.

Hins vegar er málið í heild flókið fyrir allan almenning, alveg sérstaklega kannski fyrir þá 67 ára og eldri sem dveljast á hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana og hafa þessvegna verið sviptir fjárræði. Raunar má segja að vegna allra þeirra sem 2. gr. hinnar nýju reglugerðar sem dagsett er 28. október 2004 tekur til sé framkvæmdin óþolandi. Ekki verður séð að hin nýja lagabreyting eða reglugerðir breyti miklu þar um. Heldur er ekki líklegt að hinar nýju breytingar dugi á nokkurn hátt til þess að ná þeim markmiðum sem Alþingi setti, með samþykkt sinni 20. maí 2001, um tannheilsu landsmanna.

Það er augljóst að meðan í gildi eru allt önnur viðmið um verðlagningu þessarar þjónustu, skv. verðskrá heilbrigðisráðherra heldur en raunverulegur kostnaður sjúklinga, þá verður alltaf fjöldi fólks sem ekki hefur tök á að veita sér þessa þjónustu. Sérstaklega á það auðvitað við um þá sem sviptir hafa verið fjárræði, en einnig aðra aldraða vegna þess að í ýmissri þjónustu er ekki greiðsluþátttaka almannatrygginga.

Gott dæmi um það er meðfylgjandi bréf frá einum glöggum félagsmanni LEB, sem fyrir skömmu þurfti á tannlæknaþjónustu að halda. Hann er greinilega á hinni svokölluðu 50% reglu en þarf samt sjálfur að greiða **81.210** krónur fyrir viðgerð á einni tönn. Hann fær einungis endurgreiddan 6,8% kostnaðarins í stað 50%. Það er augljóst að svona þjónustu geta fáir aldraðir nýtt sér og alls ekki hjúkrunarheimilafólk. Það liggur því í augum uppi að breyting sú sem boðuð er á 37. gr. almannatryggingalaganna með fumvarpi þessu er hjón eitt í þeim tilgangi að ná markmiðinu sem Alþingi setti með samþykkt sinni í mars 2001 um tannheilsuna.

Stjórn LEB skorar því á heilbrigðis og trygginganefnd að gera þær breytingar á frumvarpi þessu að það nýtist sem verulegur áfangi í þeim tilgangi. Það væri hægt m.a. bæði með því að þátttaka almannatrygginga væri tryggð í fleiri aðgerðum en nú er, til eflingar tannheilsu og einnig því að verðlagsgrundvöllur TR og lækna væri sá sami.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar LEB



Benedikt Davíðsson

Við eldri borgarar megum meir og meir bíta í það súra!
 Ég undirritaður, bráðum 78 ára, hef verið sémilega heppinn með tennurnar.
 Nú brá svo við að losnaði fylling, svo ég varð að heilsa upp á tannviðgerðarmann.
 Að gamni, og í alvöru, sendi ég ykkur útkomuna!

Tannviðgerð.

Dæmi	Verð lækni	50% afsl.	Hlutfall TR	Endurgr. TR
Svæðisdeyfing	1.340	670	1.040	520
Gúmmídukur	1.130	565	620	310
Stifti	2.790	1.395	2.170	1.085
Tannlit fylling	15.890	7.945	8.030	4.015
Plastkróna	6.360	3.180	0	0
Króna, postul.	65.990	32.995	0	0
Samtals:	93.500	46.750	11.860	5.930

Fyrir bráðabirgða plastkrónu sem kostar kr. 6.360,- fæst enginn afsláttur, reyndar fékk ég þá upphæð endurgreidda.

Fyrir tannkrónuna fæst heldur ekki neinn afsláttur, nema viðkomandi hafi lent í alvarlegu slysi. TR endurgreiddi mér kr. 5.930,-.

Endanlegur kostnaður varð því kr. 93.500 mínus bráðabirgða plastkrónan kr. 6.360 og endurgreiðsla TR kr. 5.930 sem sagt **kr.81.210** fyrir viðgerð á einni tönn !!

Þarna erum við eldri borgarar í slæmum málum, því munur á verðlista tannlækna og Tryggingastofnunar Ríkisins er gríðarlegur. Síðan er afslátturinn, sem sjúklingurinn fær, miðaður við verðlista TR.

Heilbrigði tanna er sagt forsenda fyrir almennu heilbrigði manns. Dæmið hér sannar að TR og tannlæknar eru langt frá því að vera samstíga í þeim málum. Má vera að gróðahyggja lækna ráði hér ferðinni og TR sé nær því rétta?

Hvað sem því líður, er geta flestra eldri borgara í dag, langt frá því að ráða við þessa rosa verðlagningu tannlækna!

Mikið er talað um verðsamráð þessa dagana. Ég hef ekki kannað þau mál, og hef því haldið mig við sama tannlækninn.

Með vinsemd,